

Fundargerð aðalfundar Rauða kross Íslands

haldinn laugardaginn 19. maí 2007 í Brekkuskóla á Akureyri

Fundurinn hófst kl. 09:04

Setningarávörp

Ómar H. Kristmundsson, formaður Rauða kross Íslands bauð aðalfundarfulltrúa og aðra gesti velkomna á kyrrlátum en svölum vormorgni. Ómar hóf ræðu sína með því að segja að stjórnsmál snertu líf okkar á ýmsa vegu, beint og óbeint. Í Rauða krossinum gefist okkur tækifæri á að hafa áhrif og það sé í lagi fyrir Rauða krossinn að hafa skoðanir. Hlutleysi er ekki sama og skoðanaleysi, sagði Ómar. Við tókum afstöðu með þeim sem eiga um sárt að binda.

Félagið þarf stöðugt að hugsa um hvernig það geti unnið betur í þágu umbjóðenda sinna. Það þarf stöðugt á öflugum sjálfboðaliðum og starfsfólki að halda. Rauði krossinn á að beina kröftum sínum þangað sem þörfin er brýnust, innanlands sem utan. Einnig þarf hann að benda á hvar úrbóta er þörf og ráðstafa fjármunum þannig að þeir nýtist sem best. Reglulegt árangursmat þarf að vera samofið starfseminni. Rauði kross Íslands þarf að efla sérþekkingu sína á sviði mannúðarmála á alþjóðavísu. Við eigum að vera óhrædd við að fara nýjar leiðir og mikilvægt er að nýta þekkingu nágrannalandsfélaganna og efla alþjóðastarf. Einnig eigum við að hafa áhrif á starf Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðaráðs Rauða krossins og efla starf okkar með systursamtökum í Afríku. Við höfum þegar skapað okkur sérstöðu sem við eigum að þróa áfram. Verkefni fundarins í dag er að móta framtíðina með því að endurskoða stefnuna til 2010.

Formaður sagðist vona að fundurinn yrði árangursríkur og setti að því loknu aðalfund Rauða kross Íslands árið 2007.

Að loknu setningarávarpi formanns fluttu nemendur frá Menntaskólanum á Akureyri lögin Ó, borg mín borg og Fever í jassútgáfu í boði Akureyrardeildar.

Sigrún Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri bauð Rauða kross félaga velkomna í góða veðrið á Akureyri og sagðist fagna því að félagið hefði ákveðið að halda fundinn þar að þessu sinni. Hún hvatti viðstadda til að nýta tækifærið og njóta alls þess sem Akureyri hefur upp á að bjóða. Sigrún sagði marga hafa þá mynd af Rauða krossinum að hann sé fyrst og fremst að hjálpa fólki í fjarlægum löndum. Starfsemin sé þó engu síðri hér á landi og megi því til stuðnings nefna öfluga sjúkraflutninga og árangursríkt samstarf sem Akureyrarbær hefur átt við Akureyrardeild með rekstri athvarfs fyrir geðfatlaða. Heimsóknavinir deildarinnar efla svo samfélagið enn frekar. Þá er fjöldahjálparkerfi Rauða krossins reglulega virkjað á Norðurlandi og Akureyrardeildin sá svo myndarlega um móttöku flóttamanna fyrir fáeinum árum að þeir eru hér allir enn.

Bæjarstjóri sagði Rauða krossinn gegna afar mikilvægu hlutverki innanlands og sé nýjasta rósín í hnappagatið stofnun Fjölsmiðju á Akureyri. Hún notaði tækifærið og þakkaði sérstaklega Rauða krossi Íslands og Akureyrardeild fyrir góðan undirbúning að stofnun Fjölsmiðjunnar og sagðist vænta mikils af þessu verkefni. Þörfin sé brýn og hún sé sannfærð um að eldmóðurinn og áhuginn muni skila sér alla leið.

Að lokum hvatti bæjarstjóri viðstadda til að njóta helgarinnar og óskaði öllum gæfu og gengis í störfum sínum.

Sigurður Ólafsson, formaður Akureyrardeildar bauð viðstadda velkomna fyrir hönd deildarinnar. Hann sagði að fyrsti aðalfundurinn sem hann hafi setið hjá félaginu sé honum minnisstæður en fundurinn var haldinn í gamla menntaskólahúsinu. Umræðuefnið þá voru sjúkrabílar en nú er það afgreiðsla á endurskoðaðri stefnu auk annarra mála. Félagið verður að hafa skýra og hnitmiðaða stefnu. Þannig virkar það sem eitt félag og nýtir fjármagn sitt á skynsaman hátt. Samstarfsverkefnum hefur fjölgað erlendis. Hann sagði að Akureyrardeildin hefði alltaf verið mjög virk og henni til stuðnings hafi verið svæðisskrifstofa Rauða krossins á Norðurlandi sem auðgaði starfið enn frekar með námskeiðahaldi og sameiginlegum verkefnum. Á vormánuðum var samstarf við Akureyrbæ um rekstur Lautar endurnýjað. Húsnæðið er orðið of lítið fyrir starfseminu og bæjarstjórn hefur því ákveðið að leggja til stærra og betra húsnæði til rekstursins og til stendur að flytja í næsta mánuði. Bærinn hefur nú stórukið framlagið til verkefnisins og ber að þakka það traust sem deildinni er þannig sýnt. Hver veit nema samstarfsverkefnum eigi eftir að fjölga enn frekar í framtíðinni. Sigurður þakkaði að lokum fyrir sig.

Tónlistarmennirnir frá Menntaskólanum á Akureyri fluttu tvö ástarlög eftir Tom Wades, I hope that I will fall in love with you og Crazy Love og hlutu mikið lófaklapp fyrir.

Formaður þakkaði fyrir tónlistaratriðin og þeim sem fluttu erindi.

Viðurkenningar til sjálfbóaliða og verkefna deilda

Formaður sagði hefð fyrir því að veita viðurkenningar fyrir langt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og á síðustu árum hefði félagið einnig veitt verkefnum viðurkenningu sem hægt væri að kalla sprotaverkefni. Viðurkenningarnar eru veittar samkvæmt tilnefningum. Þeir einstaklingar sem hljóta þær eiga að baki samtals 150 ára starf í þágu félagsins. Anna Stefánsdóttir varaformaður aðstoðaði Ómar við veitingu viðurkenninga.

Þeir sem hlutu viðurkenningu eru:

Arnþrúður Arnþórsdóttir hjá Reykjavíkureild, Hún hóf störf árið 1999 í heimsóknarþjónustu sem heyrði á þeim tíma undir Kvennadeild. Hún situr í heimsóknarþjónustunefnd og var formaður hennar þar til á þessu ári. Arnþrúður hefur verið í forystuhlutverki í endurskipulagningu verkefnisins.

Ingunn Björnsdóttir, Akureyrardeild. Hún hefur starfað við verkefnið Föt sem framlag í rúm 16 ár eða frá því að það hófst hjá deildinni og sinnt því af mikilli alúð. Það er langt síðan hún missti tölu á öllu því sem hún hefur framleitt í þágu félagsins og hafa ófáir notið

góðs af störfum hennar. Ingunn var ekki viðstödd og Sigurður Ólafsson, formaður deildarinnar, tók við viðurkenningunni í hennar stað.

Jóhann Sæmundsson, Búðardalsdeild. Hann hefur unnið sem sjálfboðaliði í 25 ár og sat í stjórn deildarinnar frá 1982 til 1997 og var gjaldkeri hennar til fjölda ára. Jóhann sá um rekstur sjúkrabíla á sínum tíma og vann að stuðningi við geðfatlaða. Þá útvegaði hann deildinni húsnæði fyrir starfsemina og sá um standsetningu. Ýmsir hafa notið góðs af húsnæðinu, auk deildarinnar, svo sem eldri borgarar í Dalabyggð og Lionsfélagið á staðnum. Þá eru AA fundir haldnir þar. Jóhann hefur séð um fatasöfnun í heimabyggð og verið félagskjörinn skoðunarmaður Rauða kross Íslands.

Jóhanna Jónsdóttir úr Kvennadeild Reykjavíkurdeildar. Hún hefur starfað í 26 ár í sölubúð deildarinnar á Landspítala háskólasjúkrahúsi, situr í stjórn Kvennadeildar, er formaður félagsmálanefndar og sér því um félagsstarfið í deildinni.

Kristján Jóhannsson, Búðardalsdeild. Hann var einn af stofnendum deildarinnar árið 1977, sat í stjórn hennar og hefur starfað með henni allar götur síðan. Kristján hefur fengið á þriðja hundrað félagi til liðs við deildina. Hann hefur verið óþreytandi við ýmis verkefni sem deildinni hafa verið falin í þágu íbúanna og komið mörgum góðum verkefnum til leiðar.

Lára Ellingsen, Akureyrardeild, hefur verið virk í starfinu í um tvo áratugi. Hún var kjörin í stjórn árið 1991 og sat fram á síðastliðið vor. Hún er fjöldahjálparstjóri, situr í hópi um vinadeildasamstarf og í svæðisráði Rauða krossins á Norðurlandi. Lára fór með hópi Rauða kross fólks til Mapútó í Mósambík í tengslum við vinadeildasamstarfið fyrir nokkrum árum. Þá hefur hún unnið við móttöku flóttamanna og flest þau verkefni sem deildin hefur tekið sér fyrir hendur.

Sigríður Magnea Jóhannsdóttir, Akureyrardeild hefur starfað með deildinni í um tvo áratugi, þar af í stjórn frá 1991 fram á þetta ár. Meðal verkefna sem Sigríður hefur starfað við fyrir deildina eru þarfagreining og móttaka flóttamanna. Hún er fjöldahjálparstjóri og starfar í raun við flest þau verkefni sem deildin sinnir.

Sigurður Hjálmarsson Víkurdeild, hefur verið 29 ár í stjórn deildarinnar og þar af sem formaður frá árinu 1996 fram á þetta vor. Hann hefur sinnt ýmsum verkefnum f.h. deildarinnar s.s. í neyðarvörnum, heimsóknarþjónustu og barna- og ungmennastarfi. Þá hefur deildin komið að nýstofnuðu ungmennahúsi í samstarfi við sveitarfélagið. Sigurður hefur verið formaður svæðisráðs á Suðurlandi og er virkur sjálfboðaliði hjá deildinni.

Næst var komið að verkefnum deilda sem eru félaginu til fyrirmyndar og deildum til eftirbreytni.

Viðurkenningar fengu:

Stöðvarfjarðardeild: Vetrarstarf með ungmennum. Verkefni sem rekið hefur verið með góðum árangri. Uppistaðan eru 12–15 ára börn. Lagt var upp með grunnfræðslu um Rauða krossinn, tilurð hans og markmið og var áhersla lögð á mannúðarhlíðina. Farið var í fjáröflunarverkefni og afhentu börnin deildinni afraksturinn til handa börnum í Afríku.

Vetrarstarf með ungmenum mun halda áfram í haust eftir sumarfrí. Þóra Björk Nikulásdóttir formaður deildarinnar tók við viðurkenningunni.

Kópavogsdeild: Áfanginn Sjálfbóðið Rauða kross starf (SJÁ 102) í Menntaskólanum í Kópavogi. Áfanginn var kenndur bæði á vor- og haustönn. Nemendur í áfanganum sóttu grunnnámskeið Rauða kross Íslands og sinntu ýmsum sjálfböðaverkefnum fyrir deildina. Garðar Guðjónsson formaður deildarinnar tók við viðurkenningunni.

Reykjavíkudeild: Starf í þágu ungra innflytjenda. Sjálfböðaliðar deildarinnar, einkum kennarar á eftirlaunum, háskólanemar og aðrir sjálfböðaliðar með góðan grunn í íslensku aðstoða börn á aldrinum 7–13 ára við málörvun og við heimanám. Starfið fer fram á tveimur stöðum, í Fellaskóla og sjálfböðamiðstöð deildarinnar. Stefán Yngvason formaður Reykjavíkudeildar veitti viðurkenningunni viðtöku.

Kaffihlé í 15 mínútur.

Aðalfundarstörf skv.6. gr. laga Rauða kross Íslands

1. Stjórnin athugaði kjörbréf fulltrúa deilda og lagði fram til úrskurðar fundarins.

Ómar H. Kristmundsson, formaður Rauða kross Íslands, sagði að mættir væru 124 aðalfundarfulltrúar frá 47 deildum. Fór hann þess á leit við fundarmenn að ekki þyrfti að lesa upp nöfn fundarmanna vegna þess tíma sem að það tæki og var það samþykkt. Kjörbréf voru borin undir fundinn og samþykkt.

2. Fundarstjóri kosinn: Kristján Þór Júlíusson fyrrverandi bæjarstjóri Akureyrar og núverandi alþingismaður.

3. Fundarritarar kosnir: Jón Brynjar Birgisson, svæðisfulltrúi á höfuðborgarsvæði og María Helena Haraldsdóttir, svæðisfulltrúi á Austurlandi.

Fundarstjóri þakkaði traustið.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu.

Ómar H. Kristmundsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Starfið á árinu 2006 var fjölbreytt og tekist var á við mörg krefjandi verkefni bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Starfið hefur þróast um leið og samfélagið breytist og reynslan hefur sýnt að þörfin fyrir öflugt mannúðarfélag er engu minni en áður.

Helstu verkefni ársins 2006:

Könnunin „Hvar þrengir að?“ var unnin í þriðja sinn og var til umræðu á sérstöku málefnaþingi þar sem niðurstöður hennar voru ræddar. Málefnaþingið var haldið í fyrsta sinn í fyrra í samræmi við lög félagsins. Hafa niðurstöður könnunarinnar verið vel kynntar fyrir félagsmönnum. Þar kom fram mikilvægi þess að félagið beiti sér gegn félagslegri

einangrun, að efla þurfi starf heimsóknarvina og aukin þörf sé á því að sinna málefnum innflytjenda. Niðurstöður könnunarinnar voru notaðar sem grundvöllur við endurskoðun á stefnu félagsins. Vinnan miðar að því að gera félagið betra í að sinna þeim sem standa höllum fæti. Rætt verður sérstaklega um stefnuna síðar á aðalfundinum.

Á svæðisfundum sl. haust kom fram mikilvægi þess að kynna betur starf Rauða krossins á innlendum verkefnum. Formaður lýsti yfir ánægju með að hafa fengið tækifæri til að ræða beint við formenn og deildafólk og kynnast fjölbreyttum verkefnum deilda.

Ákvæðum laga um tekjuskiptingu var breytt á síðasta aðalfundi. Með þeim breytingum aukast tekjur deilda. Nýr samningur um sjúkraflutninga skapaði svigrúm til þessara breytinga.

Á 29. alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans var bætt við þriðja merkinu, Rauða kristalnum, sem viðurkenndu verndartákni á átakasvæðum og auðkennismerki. Landsfélög geta notað kristalinn tímabundið. Breytingin skuldbindur ekki hreyfinguna til að breyta merki og nafni sínu. Formaður sagði að þetta hefði verið fyrsta alþjóðaráðstefnan sín sem formaður og hann kvað það hafa verið mikla upplifun að koma að þessum sögulega viðburði. Það sem hefði þó dregið úr ánægjunni og haft áhrif á umræðuna hafi verið alvarleg átök sem geysa í Mið-Austurlöndum. Rauði kross Íslands tók sem fyrr þátt í samstarfi norrænna landsfélaga og er í forystu samstarfsins um þessar mundir.

Frábær samstaða náðist í söfnuninni Göngum til góðs og var metþáttaka. Tæpar 38 milljónir söfnuðust og 2600 sjálfbóðaliðar tóku þátt. Sérstök ánægja var með fyrirkomulagið á höfuðborgarsvæðinu en fólk var flutt á milli hverfa og bæjarfélaga sem hafði þau áhrif að í fyrsta skipti tókst að fullmanna allar söfnunarstöðvar í Reykjavík. Ágóði söfnunarinnar verður nýttur í verkefni í suðurhluta Afríku vegna barna sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis. Frábær þátttaka í söfnuninni sýnir hversu mikils velvilja og stuðnings félagið nýtur meðal almennings. Formaður notaði tækifærið til að þakka göngumönnum og gefendum. Með Göngum til góðs er ekki aðeins verið að leita eftir stuðningi heldur er einnig verið að sýna samstöðu í eina dagstund. Forseti Íslands tók virkan þátt í söfnuninni og sagði að hún hefði uppeldislegt gildi. Foreldrar geti til að mynda útskýrt hvers vegna verið sé að safna og hversu mörg börn eiga um sárt að binda. Félagið er þakklátt forsetanum fyrir þann mikla tíma sem hann lagði í verkefnið. Söfnunardaginn sjálfan heimsótti hann þrjár deildir og var honum hugstætt hversu deildastarf félagsins er öflugt. Hann fékk þá hugmynd að nýta það ár sem Göngum til góðs er ekki, til kynningar á störfum deilda og er nú unnið að því. Formaður taldi ekki raunhæft að fara yfir öll verkefni deilda í yfirferðinni en bætti við að þau verkefni sem fengu viðurkenningu vitni um hið góða starf sem þær inna af hendi.

Stjórnin hittist 12 sinnum á starfsárinu auk vinnufundar þar sem unnið var við stefnuna. Hún sótti einnig námskeið í skyndihjálpi. Formaður telur mikilvægt að allir sjálfbóðaliðar félagsins kunni skyndihjálpi, enda er hún eitt af meginverkefnum félagsins. Þegar stjórnin skipti með sér verkum varð Gunnar Frímansson gjaldkeri en aðrar breytingar urðu ekki á hlutverkum hennar. Formaður notaði tækifærið til að þakka stjórn og framkvæmdastjóra

fyrir vel unnin störf á starfsárinu. Stærsta verkefni stjórnar um þessar mundir er stefnan og úrvinnsla úr niðurstöðum könnunarinnar “Hvar þrengir að?”. Stjórnin hefur farið yfir þróunarstarf félagsins en þar fara fram miklar breytingar, bæði hjá alþjóðasambandinu og í íslenski þróunarsamvinnu.

Formaður hvatti fundarmenn til að lesa ársskýrsluna í fundargögnunum enda væri hún mikilvæg heimild og veitti yfirsýn. Ítarlegri skýrslu má einnig finna á heimasíðu félagsins. Formaður sagði að lokum að enn sem fyrr sé það fólkið sem myndi kjarnann í hreyfingunni. Það lætur gott af sér leiða og býður fram tíma sinn, krafta og þekkingu án þess að vilja fá neitt í staðinn nema ánægjuna. Hann sagðist vona að sjálfboðastörf muni áfram leggja áfram grunn að starfi félagsins, heima sem erlendis.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Sveinn Þorsteinsson, Víkurdeild sagðist ekki ætla að gagnrýna skýrsluna heldur þakka fyrir hana. Hann bað svo fundarmenn að rísa úr sætum og þakka sessunautinum fyrir vel unnin störf. Það beri að þakka fólki fyrir það sem vel er gert. Fundarmenn stóðu upp og tókust í hendur.

Aðrir kváðu sér ekki hljóðs undir liðnum skýrsla stjórnar.

6. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Gunnar Frímansson, gjaldkeri stjórnar Rauða kross Íslands, lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá. Ársreikningurinn er nú í annað skipti lagður fram sem samstæðureikningur. Kassatekjur hafa haldist nokkuð óbreyttar síðustu ár. Varðandi aðrar tekjur þá munar mestu um sölu húseigna á Rauðarárstíg og hjá þremur deildum. Fjármagnstekjur hafa einnig aukist á síðustu tveimur árum. Frjáls framlög eru liður sem hafa hækkað mikið síðustu tvö ár, einkum vegna hamfaranna við Indlandshaf. Tekjur úr söfnunarkössum námu um 44% af heildartekjum félagsins árið 2006, tæpar 558 milljónir.

Útgjaldahlið: Stærsti liðurinn er innlend verkefni. Sá liður hefur lækkað en mun aukast aftur vegna aukins hlutfalls kassatekna til deilda. Framlög til alþjóðlegra verkefna hækkuðu verulega árið 2005. Ástæðan var einkum hamfarirnar í Asíu. Liðurinn hefur svo lækkað aftur.

Gjöldin greinast á eftirfarandi hátt: Innlend verkefni 32%, útbreiðsluverkefni og fjáröflun 12%, alþjóðleg verkefni 27%, sjúkraflutningar 19%, önnur verkefni 10%. Liðurinn önnur verkefni er einkum rekstur landsskrifstofu og launakostnaður starfsfólks. Kostnaður við sjúkraflutninga var 209 milljónir og tekjur námu 214 milljónum.

Alþjóðlegu verkefnin skiptast á eftirfarandi hátt: þróunaraðstoð 57%, neyðaraðstoð 26%, alþjóðasamstarf og annar kostnaður 17%. Stjórnvöld leggja til fjármagn á móti. Liðurinn annar kostnaður í alþjóðaverkefnum eru einkum laun sendifulltrúa og annað sem erfitt er að staðsetja annars staðar.

Útbreiðsla: laun og óskiptur kostnaður: 26%, fjáraflanir 11%, útgáfumál 9%, verslanir

kvennadeildar Reykjavíkurdeildar 7%, fataflokkun á höfuðborgarsvæði 21%, sjálfboðaliðamál 18%, annað 8% (kostnaður við vinnustaðanámsekið í skyndihjálpi fyrst og fremst).

Fundarstóri þakkaði fyrir framsöguna og opnaði fyrir fyrirspurnir.

Kolbrún Hjálmtýsdóttir í Garðabæjardeild sagðist vera ósátt við kassatekjurnar og hvatti félagið til að kanna hvernig önnur landsfélög standa að sinni fjáröflun og koma með nýjar hugmyndir.

Sveinn Kristinsson formaður Akranesdeildar vakti athygli á hversu gríðarlega sterkur fjárhagur félagsins er. Það er á ábyrgð félagsins að fara vel með þetta fjármagn. Þá taldi hann það vera umhugsunarefni hversu miklum fjármunum eigi að halda í sjóðum í stað þess að verja í verkefni. Hann taldi það þakkarvert hversu vel væri haldið á fjármunum félagsins. Að lokum beindi hann fyrirspurn til stjórnar og framkvæmdastjóra um hversu vel hafi gengið að koma á heildarreikningshaldi (samstæðureikningi) fyrir félagið. Hann taldi að sumar minni deildir væru ekki alveg með á nótunum hvernig þessum málum yrði háttað í framhaldinu. Hann taldi eðlilegt að þetta mál yrði tekið fyrir á fundinum.

Stefán Yngvason, formaður Reykjavíkurdeildar þakkaði Gunnari fyrir vel flutta framsögu hjá „RKÍ Group“. Það eru ýmsir hlutir sem stjórn Reykjavíkurdeildar hefur verið að velta fyrir sér. Tímamörkin vegna samstæðureiknings eru deildinni erfið. Deildin er hlynnt samstæðufyrirkomulaginu en vill auðvelda deildum vinnuna með því að í stað þess að bíða eftir uppgjörum þá verði settur núllpunktur um áramót. Ef af yrði myndi Reykjavíkurdeild fagna þeirri ákvörðun. Eins og kerfið er í dag veldur það bæði aukinni vinnu og auknum kostnaði hjá deildinni.

Deildin hefur áhyggjur af kassatekjum Rauða krossins. Það er árlegur viðburður að umræða fari af stað um ímyndina, spilafíkn og hverjir reka kassana. Stefán áréttaði að það sé þó mun betra að félagsskapur eins og Rauði krossinn njóti góðs af slíkum rekstri en einkaaðilar. Félagið þurfi samt að breikka tekjugrundvöllinn. Önnur landsfélög hafa ekki þennan tekjugrundvöll. Til að mynda telja Svíar það vera óhugsandi og Oslódeildin á mikla fjármuni í eignum. Aðrar deildir eiga töluverða sjóði og fá vaxtatekjur. Ef til vill er tímabært að hætta að hugsa hlutina þannig að það sé vont að eiga peninga. Möguleikar til fjármagnstekna eru gríðarlegir en takmarkast mikið vegna laga Rauða kross Íslands. Peningarnir eiga að vinna fyrir okkur.

Stefán beindi fyrirspurn til stjórnar: Hvernig hefur gengið með félagsskírteinin, sem hafa verið í gangi í tvö ár? Gætu félagsmenn ekki verið duglegri við að nota þau og skapa félaginu tekjur? Þá mætti einnig fjölga þeim fyrirtækjum sem veita félaginu og félagsmönnum fríðindi vegna skírteinanna.

Stefán viðraði hugmynd frá höfuðborgarfundum um að hægt væri að semja um það við SORPU að fólk sem kemur með skilagjaldsskyldar umbúðir geti ákveðið að skilagjaldið renni til Rauða krossins. Slíkt er m.a. gert í Stokkhólmi. Stefán sagðist fullyrða að margir myndu nýta sér þennan kost. Í Stokkhólmi þekkist einnig það fyrirkomulag að

samningar séu gerðir við verslanir þannig að kúnninn geti ákveðið við kassann að Rauði krossinn njóti ákveðinnar upphæðar af kaupum.

Við reynum að vera í jaðarverkefnum sem enginn annar sinnir. Í fjármálum verðum við hins vegar að vera á samkeppnismarkaði. Ef til vill erum við of upptekin af því að stíga ekki á tænar á neinum þegar kemur að fjáröflun, spurningin er bara um aðferðir og leiðir.

Kristján Sturluson framkvæmdastjóri svaraði fyrirspyrjendum:

Varðandi kassatekjur: Þær voru milli 80 – 90% af heildartekjum félagsins fyrir fáeinum árum. Nú eru þær undir 50%. Þetta er vissulega umdeild tekjuöflun og við verðum að fara mjög vel með þessar tekjur. Við verðum að horfast í augu við það að tekjurnar eru forsendan fyrir sterkri fjárhagsstöðu Rauða kross Íslands. Kassatekjur eru í dag forsenda fyrir því að deildir geti unnið að sínum miklu og góðu sjálfbæðaverkefnum. Sum landsfélög eru að nota 80–90% af tímanum í tekjuöflun. Við erum e.t.v. að nota 20% og afganginn í verkefni. Þetta er þó hverful fjáröflun sem gæti horfið einn daginn.

Eins og Stefán benti á þá eru eignir oft forsenda tekna. Sænski Rauði krossinn tók t.a.m. miklar dýfur í sinni starfsemi þegar hlutabréfamarkaðurinn þar í landi hrundi fyrir nokkrum árum. Þetta er ein af ástæðum fyrir varasjóðum.

Norski Rauði krossinn fær einnig kassatekjur. Ríkisfyrirtæki hefur tekið yfir rekstur kassanna en Rauði krossinn fær eftir sem áður tekjur af þeim.

Landsfélögin á Norðurlöndum eru mjög mikið fjármöggnuð af opinberum, eyrnamerknum framlögum. Landsfélögin eru því ekki eins sjálfstæð fyrir vikið í sínu verkefnavali. Okkar sérstaða er sú að við getum ákveðið sjálf í hvaða verkefni við förum.

Í framhaldi af ummælum Sveins um sterkan fjárhag félagsins, þá má nefna að stjórn Rauða kross Íslands ákvað í gær ráðstöfun 123 milljóna króna til verkefna. 5 milljóna króna hagnaður sjúkrabilasjóðs rennur áfram til hans. Varasjóður félagsins er vísitölubundinn og mun haldast þannig.

Varðandi athugasemdir Stefáns um samstæðureikninginn, þá taldi Kristján það hafa gengið vel að koma honum á. Í honum eru allar upplýsingar um rekstur félagsins. Stærri deildir eru þegar byrjaðar að færa inn í Agresso bókhaldsforritið. Samstæðureikningurinn er kominn til að vera.

Varðandi tímamörkin á samstæðureikningnum þá eru þau nauðsynleg svo hægt sé að ná þessu fyrir aðalfundinn. Kristján sagðist hafa beðið Margreti Flóvenz, endurskoðanda félagsins að kanna möguleika á núllpunktinum. Hún var ekki mjög jákvæð við fyrstu athugun. Reksturinn er óreglulegur og reikningurinn myndi ekki gefa eins rétta mynd af rekstrinum.

Varðandi félagsskírteinin: Kristján sagðist ekki vera með þær tölur á takteinum. Notkunin á kortunum væri samt mjög lítil. Það er aðeins um hálf milljón sem þetta er að skila á ári og skoða þarf betur nýtinguna. Hann sagðist taka undir gagnrýni Stefáns og sagði að hvatningin til að nota þau væri ekki nóg og félagsmenn yrðu að vera duglegri að nota þau.

Ómar H. Kristmundsson formaður svarar fyrirspyrjendum:

Hann þakkaði fyrir góða umræðu. Kassaumræðan hefur verið reglubundin á aðalfundum félagsins. Það skiptir miklu máli að breikka tekjugrundvöll félagsins og hann minnir á að í endurnýjaðri stefnu er gert ráð fyrir því að fjáröflunarleiðum verði fjölgað og örugg ráðstöfun fjármuna tryggð.

Hlutur tekna af spilakössum mun halda áfram að minnka. Íslandsspil verða að leggja áherslu á ábyrga spilastefnu og tryggja að börn og unglingar noti ekki kassana. Aðrar fjáröflunarleiðir eru sjálfsgat margar. Það má vel skoða það hvort nýta megi fjármunatekjur í meira mæli. Gera má ráð fyrir því að samningsbundin verkefni í tengslum við þróunarsamvinnu skapi auknar tekjur en jafnframt aukin útgjöld. Félagið verður að vera opið fyrir því að leita nýrra leiða og skoða hvað nágrannar okakr eru að gera.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Hafnarfjarðardeild sagðist vera með neikvæðar og jákvæðar fréttir. Jákvæðar eru þær að Fataflokkun skilaði 8 milljónum króna í hagnað. Árið áður var hagnaðurinn aðeins um 800 þúsund. Neikvæðu fréttirnar eru þær að félagið fékk 557 milljónir króna af kassatekjum. Jóhannes sagðist hafa setið í stjórn Íslandsspila frá 1998 og m.a. verið formaður. Þessi starfsemi er alltaf litin hornauga, sem er miður. Ýmsar blíkur eru á lofti og gætu lagaflækjur í Evrópu haft áhrif og Jóhannes sagði að það hefði síður en svo verið auðvelt að halda í þessa tekjulind. Eftirspurn eftir kassatekjum er mikil hjá ýmsum aðilum. Neikvæð umræða er í samfélaginu öllu, meðal annars hjá borgaryfirvöldum. Jóhannes situr í nefnd hjá Reykjavíkurborg þar sem fram kom tillaga um að draga kassana út úr sjoppum. Hann sagðist hafa varist, enda koma 73% af tekjum Íslandsspila úr sjoppum. Þetta myndi þýða að kassatekjur Rauða kross Íslands myndu hrynja úr 557 í 150 milljónir króna. Hér er því um að ræða gríðarlega hagsmuni sem þarf að hafa mikið fyrir að verja. Ef það væri afstaða Rauða kross Íslands að draga sig út úr þessu þá vill stjórn Íslandsspila fá að vita af því, enda myndi þetta auðvelda starf hennar til muna. Loks má benda á að fjármagnstekjur félagsins eru bein afleiðing af spilakassatekjum.

Aðrir kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið.

Fundarstjóri bar reikninga undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

7. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs lagðar fram til umræðu.

Fjárhagsáætlun

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir áætluninni.

Áætlunin er í fundargögnum. Gert er ráð fyrir lægri kassatekjum á árinu. Ástæðan er

neikvæð umræða auk þess sem á árinu kemur á reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum sem getur haft áhrif (reynsla frá öðrum þjóðum). Afgangur úr verkefnasjóði rennur til deilda, sem er breyting og aukinn kostnaður er á útbreiðsluviði. Framlög frá ríkinu hækka (sjúkrabílar). Samningsbundin verkefni við hið opinbera eru öll eyrnamerkt viðkomandi verkefnum. Bankareikningar hafa gefið vel af sér en ekki verðbréfasafn.

Varðandi verkefni:

Tekið verður á mót 30 flóttamönnum frá Kólombíu. Lægri upphæð fer í alþjóðaverkefni en framlög til þeirra sveiflast alltaf eftir aðstæðum í heiminum. Félaginu gengur að jafnaði vel í skyndisöfnunum ef eitthvað skyndilegt gerist. Framlag félagsins í sjúkrabílasjóð nemur 28 milljónum á þessu ári og verður 17 milljónir á næsta ári. Farið verður í átak vegna mannréttindamála auk kynningarátaks.

Framkvæmdaáætlun.

Áætluninni er ætlað að endurspegla stefnuna frá 2003. Markmiðið er bæði að koma slíkum verkefnum í framkvæmd og halda öðrum gangandi. Stundum virka þessar áherslur eins og þrýstingur frá landsskrifstofu en þó er um að ræða eitthvað sem félagið hefur samþykkt á aðalfundi.

Kristján nefndi nokkur meginverkefni í áætluninni:

Auka þekkingu á grundvallarmarkmiðum og gildum.: Fræðsla til barna og ungmenna. Styrkja á vefinn. Greinileg þörf er á að kynna grundvallarmarkmið og mannúðarhugsjónir félagsins. T.d. með aukinni þátttöku í friðargæslu og fjölgun innflytjenda.

Genfarsamningar: Grein í ákvæði um friðargæsluna (kom frá RKÍ). -- ???

Enn er unnið að stofnun landsnefndar um mannúðarlög en það mál flakkar á milli ráðuneyta. Kominn er skriður á málið og í haust verður alþjóðaráðstefna Rauða krossins. Stjórnin hefur samþykkt að fá sérfræðing til landsins til að skoða möguleika á kynningu á mannúðarlögum.

Málsvarastarfið: Orðspor eða ímynd skiptir miklu máli og hvað fólk segir um Rauða krossinn og hvað við gerum og hvers vegna. Það ræðst ekki bara af auglýsingum heldur reynslu af félaginu, í málsvarastarfi og hvar sem við látum til okkar taka. Hlutleysi og óhlutdrægni eru ekki afstöðuleysi.

Lögð er mikil áhersla á uppbyggingu neyðarvarna sem er starf í góðu horfi en fara þarf af stað með fleiri viðbragðshópa og efla þátttöku innflytjenda í fjöldahjálparstarfi. Viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs er að klárast og mun Hjálparsíminn 1717 gegna lykilhlutverki. Félagið mun hugsanlega aðstoða við dreifingu matvæla (á seinni stigum).

Félagið vinnur áfram að útbreiðslu skyndihjálpar og hafa nokkrir innflytjendur fengið réttindi sem leiðbeinendur í skyndihjálpar.

Þátttaka í 112 deginum er mjög góð og orðin fastur liður í starfinu.

Neyðaraðstoð erlendis er með sama hætti og áður og félagið bregst við þegar neyðarbeiðnir berast. Vaxandi er að neyðaraðstoð sé tvíhliða þar sem stóru landsfélögin sinna aðstoð beint. Rauði kross Íslands vinnur til dæmis á slíkum vettvangi í samstarfi við norska Rauða krossinn en ekki einn og sér. Sífelld erfiðara er að koma sendifulltrúum í neyðaraðstoð vegna þessarar breyttu stöðu.

Ekki var leitað til deilda um neyðaraðstoð á síðasta ári en verður gert á þessu ári vegna verkefna sem erfitt er að fjármagna.

„Hvar þrengir að?“ Draga á úr félagslegri einangrun og efla verkefni sem snúa að málefnum geðfatlaðra og innflytjenda. Stjórn félagsins ákvað að 45 milljónir færu í þessi verkefni til deilda eftir ákveðnum reglum sem verða kynntar í haust.

3,5 milljónir fara til að greiða laun innflytjenda í Fjölsmiðjunum. Fáir innflytjendur koma í Fjölsmiðjuna en skv. íslenskum lögum er það svo að ef viðkomandi hefur hlotið styrk til framfærslu þá fær hann ekki dvalarleyfi og möguleika á ríkisborgararétti. Heimsóknavinum fer fjölgandi á landinu og nú bjóða 27 deildir upp á slíka þjónustu. Stofnuð verður Fjölsmiðja í sumar fyrir Norðurland, staðsett á Akureyri. Stjórnin lagði kr. 15 milljónir í stofnfé og kr. 500.000 á ári næstu árin.

Þróunarsamvinna erlendis heldur áfram næstu árin bæði beint og í gegnum alþjóðasambandið. Alþjóðasambandið hefur verið að koma á samhæfri nálgun, þ.e. að eitt landsfélag verði í forsvari fyrir þróunarstarf í ákveðnu landi. Það hefur verið leitað til okkar að taka að okkur þetta hlutverk í Malaví, sem er mikill heiður. Þetta er dýrt verkefni eða kr. 45 milljónir á næstu þremur árum.

Stuðningur við börn: Deildir eru með mikið og fjölbreytt starf á þessu sviði, ungmennahús, ráðgjöf og stuðningur, sumarbúðir, vetrarstarf ofl.

Að auka starf með fólki af erlendum uppruna: Móttaka flóttamanna, réttargæsla fyrir hælisleitendur, fá innflytjendur til liðs við félagið og finna hvaða leið er best. Aðstoð við einstaklinga sem fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum og aðstoða deildir.

Barna- og ungmennastarf: Erlent samstarf URKÍ, leiðbeinendanámskeið, vinnufundir leiðbeinenda, landsmót. Deildir eru hvattar til að auka starf ungra innflytjenda. Nýráðinn starfsmaður mun sinna málefnum innflytjenda og ungmennastarfi.

Vefurinn: Deildir eru hvattar til að nýta sér vefinn og senda inn greinar. Níu deildir eru með fréttablað og sjö deildir með heimasíðu. Ársskýrsla, kynningarvika í haust.

Fjáröflunarleiðum hefur fjölgað eins og t.d. fataflokkun sem er vaxandi verkefni. Deildir eru með markaðsdaga, skyndihjálpartöskur eru seldar, fyrirtækjasamstarf verður eftir svo og styrktarfélög, skyndisafnanir, jólahefti, myntsöfnun og fleira. Söfnunarkassar eru enn sem fyrr aðal tekjulindin sem standa þarf vörð um og er grundvöllur að því hvernig starfsemin gengur í dag.

Evrópuráðstefna hefst á morgun og mun fulltrúi URKÍ sitja hana en hann hefur verið í Evrópunefnd um ungmennastarf.

Áætlanir eru mikilvægt tæki til að móta starfið og þurfa að vera raunhæfar. Deildir telja sig oft vera undir þrýstingi frá landsskrifstofu við að setja verkefni úr öllum stefnum í áætlunina. Það er misskilningur og betra er að stjórnir deilda einbeiti sér að færri verkefnum og vinni þau vel en að hafa mörg verkefni á áætlun og ná ekki að sinna þeim.

Í október er stefnt að kynningarátaki undir formerkjunum “Byggjum betra samfélag” þar sem fjölga á sjálfbóðaliðum og efla meðvitund almennings um mannúðarstarf félagsins hér innanlands. Lyfta þarf innanlandsstarfinu upp og breyta hugmyndum almennings um að við séum aðallega í útlöndum. Leggja þarf áherslur á félagslega einangrun, að rjúfa einangrun. Könnun verður gerð fyrir og eftir átak. Kynningar og auglýsingar verða til að efla Rauða kross Íslands og með breyttum viðhorfum fáum við fólk til liðs við félagið. Ekki vinna í kyrrþey. Gaman er þegar vel gengur og fleiri koma til liðs við okkur. Það á að vera gaman að vinna í Rauða krossinum, sagði Kristján Sturluson.

Umræður um fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

Gunnar Rögnvaldsson formaður Skagafjarðardeildar þakkaði framkvæmdastjóra sköruglega framlagningu á vinnuþlaggi okkar allra. Gunnar tók einnig fram að Hawaiskyrtan kæmi úr Skagafirðinum! Hann sagði að sóknarfærin fælust í hógværdinni og að við gerðum ekki kröfur um fjárútlát sjálfbóðaliða og spariföt, þannig næðum við til okkar t.d. erlendu fólki. En hvernig náum við inn fólki? Ein leiðin sem hefur gefist vel í Skagafirði sl. tvö ár er Þjóðakvöld á Sæluviku sem deildin hefur séð um og hafa 19 þjóðir tekið þátt. Mikill áhugi er hjá fólki að koma í Rauða krossinn. Meðal annars er serbneskur fulltrúi kominn í deildina og hefur mikinn áhuga á starfinu.

Í Skagafirði var haldin stór flugslysæfing um daginn þar sem fjöldi fólks af ólíkum uppruna var virkjaður.

Gunnar sagði að komið hefði í ljós að íslenska kerfið væri ekki hliðholtt innflytjendum. Nefndi hann erlenda konu sem ætlaði að heimsækja heimalandið en þorði ekki að fara því það var ekki er víst að hún fengi að koma aftur til Íslands. Hún hefði mætt miklum dónaskap hjá útlendingaefirlitinu, sagði Gunnar. Er ábyrgð sveitarfélagsins engin? Þarna er um að ræða þegna sveitarfélagsins.

Gunnar hvatti til að klappað yrði fyrir Jóni Þorsteini, nýkjörnum formanni URKÍ. Hann ætti leikinn “Á flóttu” sem væri alflottasta verkefni Rauða kross Íslands fyrir ungmenni. Gunnar sagði frá afrísku kvöldi sem hefði verið haldið í skólanum, þar sem og Katrín María hefði kynnt starfið. Börnin tóku vel við sér og skyndilega vissu öll börnin í skólanum allt um starf Rauða kross Íslands í Mósambík.

Tumi Kolbeinsson Reykjavíkurdeild vildi staldra við ungmennamálin, hann sagði það heldur rýrt hjá landsskrifstofu að leggja niður verkefni er koma að ungmennamálum. Tími til kominn að landsskrifstofa skoðaði heilt stöðugildi fyrir ungmennamálin. Tumi beindi spurningu til Kristjáns um hvort landsmótið yrði og hvort einhver vinna væri í gangi.

Hrefna Magnúsdóttir, Ísafjarðardeild tók undir umræðuna um innflytjendamálin sem væru undir málsvarastarfi í stefnunni og hvernig deildir gætu sinnt því starfi. Eigum við að fá innflytjendur til starfa sem sjálfboðaliða og líka við málsvarastarf? Verkefnið er mjög vandmeðfarið, sagði Hrefna. Sumir félagar væru einangraðir, aðrir flóttamenn og enn aðrir ynnu sem sjálfboðaliðar.

Unnur Hjálmarsdóttir Reykjavíkurdeild ræddi um að efla þyrfti neyðarvarnir. Allir viðbragðsaðilar væru komnir inni TETRA. Hún vildi að Rauði krossinn kæmi að því og spurði hvar sú vinna stæði.

Ómar H. Kristmundsson formaður svaraði að málefni innflytjenda væru í drögum að stefnu og með ráðum gert að hafa verkefni á sviði innflytjendamála ekki í sérflokk. Aðalatriðið sé að málsvarastarfi sé sinnt og að fá innflytjendur til að vinna með okkur. Innflytjendur séu hluti af íslensku samfélagi og eigi ekki að vera skilgreindir sem sér hópur.

Kristján Sturluson framkvæmdastjóri sagði að varðandi Tetra og neyðarvarnir sé sú vinna í gangi, þetta sé ákveðin uppsetning, setja þurfi upp hópa og tengsl fyrir Rauða krossinn og semja um gjöld af stöðvunum en rekstarkostnaðurinn sé aðalatriðið. Kristján telur að Tetra sé ekki eins mikilvægt alls staðar hjá Rauða krossinum.

Varðandi ungmennastarfið þá sé rétt að hætt hafi verið við útgáfu Plúsc. Námskeið á vegum deilda hafi verið lögð niður m.a. vegna skorts á þátttöku. Horfa þurfi til starfsreglna URKI og móta verkefnin út frá þeim. Varðandi landsmótið og hvort það verður haldið þá liggi endanleg ákvörðun hjá stjórn URKI en það sé vissulega á áætlun. Allir möguleikar séu til að efla starfið og leggja línurnar en ekki þar með sagt að það þurfi að auka starfshlutfallið.

Fundarhlé til kl. 13.20

Hádegismatur.

8. Lagabreytingar

Engar lagabreytingatillögur lágu fyrir.

9. Kosning 5 stjórnarmanna samkvæmt 7. gr.

Úlfar Hauksson, formaður kjörnefndar, flutti tillögu kjörnefndar. Hann sagði að nefndin hefði verið sérlega björguleg þar sem tvær Ingibjargir hafi setið í henni. Þeir stjórnarmenn sem áttu að ganga úr stjórn voru Hörður Högnason, Karen Erla Erlingsdóttir, Pálín Dögg Helgadóttir, Þór Gíslason og Garðar Gíslason. Hörður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í félaginu, í samræmi við lög félagsins en Karen, Pálín, Þór og Garðar gáfu kost á sér. Kjörnefnd mælti með því að Einar Sigurðsson forstjóri Árvakurs hf. yrði kjörinn í stjórn í stað Harðar.

Fundarstjóri bar tillögurnar upp til atkvæða. Þær voru samþykktar samhljóða og eru Einar, Karen Erla, Pálín Dögg, Þór og Garðar því réttkjörnir stjórnarmenn til næstu

tveggja ára.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna.

Úlfar Hauksson, formaður kjörnefndar, flutti tillögu kjörnefndar. Jón Kr. Sólnes og Ólafur Reimar Gunnarsson, núverandi skoðunarmenn félagsins, gáfu báðir kost á sér til áframhaldandi setu og er það því tillaga kjörnefndar að þeir sinni embættinu áfram.

Fundarstjóri bar tillögurnar upp til atkvæða. Þær voru samþykktar samhljóða og eru Jón Kr. og Ólafur Reimar því réttkjörnir skoðunarmenn félagsins næsta árið.

11. Umræður um helstu stefnumál og markmið.

a. Vinadeildasamstarf Rauða kross Íslands og Rauða krossins í Gambíu.

Dr. Saihou T. Sabally, formaður Rauða kross Gambíu flutti erindi um vinadeildasamstarfið. Hann sagði það mikinn heiður að fá að ávarpa fundinn fyrir hönd Rauða kross Gambíu og að starfsfólk og sjálfboðaliðar hans sendi hlýjar kveðjur.

Rauði kross Íslands og Rauði kross Gambíu hafa átt í nánú samstarfi í einn og hálfan áratug. Rauði kross Gambíu getur nú litið bjartsýnum augum á framtíðina, enda var í gær undirrituð viljayfirlýsing milli félaganna um áframhaldandi samstarf, sagði Dr. Sabally.

Samstarfsverkefni félaganna tveggja hafa að stærstum hluta snúist um þróun deildastarfs. Samstarfið hófst í byrjun 10. áratugarins með því að ungir íslenskir sjálfboðaliðar störfuðu með Western division deildinni í um hálf tveggja ár í senn. Heimsóknirnar voru svo endurgoldnar af sjálfboðaliðum Western division deildarinnar.

Árið 2003 heimsótti Ómar H. Kristmundsson, þáverandi formaður Reykjavíkurdeildar, Gambíu í könnunarferð, auk þess sem Fabakary Kalleh, þáverandi formaður ungmennahreyfingar Rauða kross Gambíu heimsótti Íslands ári síðar.

Árið 2005 hófst svo eiginlegt vinadeildasamstarf Reykjavíkurdeildar og deildanna í Banjul og Kanifing. Samstarf deildanna snýst um ungmennaskipti. Sjálfboðaliðar frá hvoru landi dvelja hjá samstarfsdeildinni í sex vikur í senn og taka þátt í verkefnum hennar

Rauða kross deildir á Vesturlandi og Western Division deildin eiga í samstarfi og unnið er að því að koma á vinadeildasamstarfi á milli deildanna í North Bank og Lower River og deilda á Vestfjörðum og Suðurlandi.

Helstu áherslur í vinadeildasamstarfinu eru ungmennaskipti, efling innviða deilda og fjáröflun. Ávinningur af vinadeildasamstarfi er fjölbreyttur. Gámasendingar skapa margs konar verkefni, Western division deildin hefur getað farið út í viðhald á húsnæði. Hægt er að efla sjálfboðaliða með leiðtogaþjálfun og fræðslu um stjórnun og rekstur, landsfélagið verður sýnilegra og getur aflað sér innlendra samstarfsaðila.

Ávinningur fyrir deildir Rauða kross Íslands er vinátta, skilningur, umburðarlyndi fyrir framandi menningu og betri tengsl innan hreyfingarinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Anna Stefánsdóttir varaformaður þakkaði dr. Sabally fyrir erindið og sagði að Rauði kross Íslands væri mjög þakklátur fyrir samstarfið.

Rauði kross Gambíu er eitt af fyrstu landsfélögum sem stofnað var til vinadeildasamstarfs við. Samstarfið er mannúðarstarf sem einkennist af gagnkvæmri virðingu. Mörg verkefni félaganna eru þau sömu eins og neyðarvarnir og forvarnir. Félögin efla hvort annað svo þau geti betur sinnt markmiðum sínum og þeim sem höllum fæti standa.

Deildirnar á Norðurlandi voru frumkvöðlar í vinadeildasamstarfi með stuðningi sínum við tvær heilsugæslustöðvar. Deildir á Vesturlandi bættust síðan við með vinadeildasamstarfi í Gambíu. Í dag senda deildirnar tvo gáma á ári til Western Division deildarinnar. Stefnt er að því að árið 2007 verði allar deildir í vinadeildasamstarfi við Gambíu, Malaví eða Mósambík. Áherslur hafa verið að breytast í vinadeildasamstarfi og minni áhersla er lögð á vinadeildasamstarf við deildir í Austur Evrópu en þeim mun meiri í Afríku.

Nokkur tímamót urðu árið 2001 en þá hófu fjórar deildir á höfuðborgarsvæði vinadeildasamstarf við Rauða krossinn í Albaníu. Sjálfboðaliðar tóku þá fyrst beinan þátt en fram að því höfðu þeir verið frekar óvirkir.

Árið 2005 fóru sjálfboðaliðar frá deildum á Norðurlandi til Mósambík. Þar kynntust þeir sjálfboðaliðum mósambíska Rauða krossins og skiptust á skoðunum. Þetta hefur leitt af sér ýmis verkefni á Norðurlandi. Deildirnar skiptast á fréttabréfum, fara í viðtöl hjá svæðisfjölmíðlum um samstarfið og selja batikmyndir, svo dæmi séu tekin. Þannig efdi vinadeildasamstarfið deildirnar, bæði heima og í Mósambík. Í mars 1999 voru fyrst gefnar út skriflegar leiðbeiningar um vinadeildasamstarf. Í janúar 2002 ákvað stjórnin að skipa 11 manna vinnuhóp því nauðsynlegt var að endurskipuleggja vinadeildasambandið og setja því stefnu og ramma. Stjórnin samþykkti nýjar verklagsreglur í janúar 2007.

Frá árinu 2004 hefur verið haldin árleg námstefna um vinadeildasamstarf á landsskrifstofu. Vinadeildasamstarfið hefur orðið tæki deilda til að efla starfið. Hluti af því hefur til dæmis verið að gera staðbundnar kannanir í heimabyggð hér á landi. Sjálfboðaliðar efla auk þess starfið hjá deildunum.

Ef horft er til framtíðar eru margar leiðir til að efla starfið. Til dæmis mætti nýta heimsóknir betur til að efla samskipti. Þá má hugsa sér að fjáröflun verði liður í öllum verkefnum. Anna hvatti í lokin fólk til að kynna sér málstofu um vinadeildasamstarf og hve margar deildir væru að undirbúa vinadeildasamstarf.

Rúnar Helgason formaður Suðurnesjadeildar tók næstur til máls. Hann sagði að deildir á Suðurlandi og Suðurnesjum hafi aðeins fengist við vinadeildasamstarf. Þegar starfið var að hefjast var vinadeildasamstarfið eitthvert óskiljanlegt nafn á borg í Serbíu. Rúnar fór svo ásamt fleirum í vettvangsferð og þá sagðist hann hafa farið að sjá hvað þetta leiddi af sér. Framlagið var kannski ekki mikið í verkefnið en það var athyglisvert að sjá hverju það skilaði.

Er vinadeildasamstarfið gagnkvæmt? spyr Rúnar, hvað erum við að læra sjálf af vinadeildasamstarfi? Við þurfum að vera duglegri í kynningum á því sem málið snýst um. Rúnar sagðist telja að almennt séð hafi tekist nokkuð vel til, a.m.k. á hinum endanum. Rauði kross Íslands hefur verið að færa allar deildirnar inn á sama svæðið og það er til bóta. Þá geta deildir slegið saman og í rauninni verið að „tala sama málið“. Samskiptin hafa mikið farið fram í gegnum landsskrifstofuna. Rúnar sagðist telja að menn myndu finna meira til sín ef þeir gætu verið í beinum samskiptum.

Verkefninu í Serbíu er að ljúka og undirrituð var viljayfirlýsing um að fara í vinadeildasamstarf í Lower River í Gambíu og eru fjórir fulltrúar á leiðinni til Gambíu á þriðjudaginn. Að lokum til umhugsunar: Varðandi gagnkvæmni: Hvernig ætlum við að mæla árangurinn af þessu öllu saman? Eigum við að skilgreina hvað við viljum fá út úr þessu svo hægt sé að mæla það? spurði formaður Suðurnesjadeildar.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir Reykjavíkurdeild kvaddi sér næst hljóðs. Hún sagðist hafa velt vinadeildasamstarfi mikið fyrir sér. Hún fór út til Gambíu sem sjálfboðaliði og kynntist starfi Rauða krossins þar og fékk að starfa með honum um nokkurra vikna skeið. Hún sagði að það gæfi starfandi sjálfboðaliðum mikið að kynnast starfi og menningu annarra.

Miklir möguleikar eru til að efla ungmennaskipti með því að fækka löndunum og auka í leiðinni samskiptin við þau lönd sem eftir eru. Einn kosturinn er til dæmis samstarf um sumarbúðir, enda byggja landsfélögin í Afríku mikið á ungu fólki. Að lokum sagðist Þóra fagna endurnýjuðum samningi við Gambíu.

b. Endurskoðuð stefna félagsins til 2010.

Ómar H. Kristmundsson, formaður, kynnti stefnuna og aðdraganda stefnumótunarinnar en notaði fyrst tækifærið til að þakka dr. Saballi fyrir hlý orð í garð Rauða kross Íslands og sagðist hlakka til frekara samstarfs.

Samþykkt var á aðalfundi 2006 að endurskoða stefnu félagsins frá 2003. Stjórn var falið að leggja fram tillögu um endurskoðaða stefnu á aðalfundinum í dag en ekki þykir ástæða til að fara djúpt í áherslubreytingar.

Úttektin „Hvar þrengir að?“ var notuð til grundvallar vinnunnar, ásamt ábendingum frá svæðisfundum og málefnaþinginu í fyrra. Ómar sagði að tilefnið væri augljóst. Það sé nauðsynlegt fyrir félagið að skoða hvernig það getur staðið betur að aðstoð við þá sem höllum fæti standa. Í kjölfarið var í október í fyrra skipaður vinnuhópur sem samanstóð af fulltrúum stjórnar, fulltrúa URKÍ og einum frá hverju svæði. Auk þeirra var sóttur út fyrir félagið sérfræðingur um innflytjendamál. Vinnuhópurinn skilaði af sér í desember og í janúar urðu til fyrstu drög. Stjórn Rauða kross Íslands fór yfir þau og önnur drög voru svo kynnt og rædd á formannafundi í mars. Efniviðurinn var svo notaður af vinnuhópnum til að betrubæta skjalið og lokadrög voru send deildum og aðalfundarfulltrúum um mánaðamótin apríl-maí. Þessi drög eru lögð fram til samþykktar í dag.

Með stefnunni er félagið að skerpa áherslur sínar. Ekki er verið að leita á ný mið heldur er frekar verið að marka sig betur. Félagið mun einnig þurfa að ná til nýrra

hópa í samfélaginu.

Vinnuheiti stefnunnar er „Byggjum betra samfélag”. Ómar sagði að ef hún yrði samþykkt yrði það nafn hennar. Meginbreytingarnar væru auknar áherslur á að draga úr félagslegri einangrun og starf með ungum innflytjendum. Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því að það verði sérstakt verkefni að auka kynningu á innanlandsstarfi. Stefnan er áfram fjórir kaflar en breytingar voru gerðar á uppsetningu hennar svo hægt sé að meta framvindu og árangur. Einnig voru gerðar breytingar á framsetningu og orðalagi. Kaflar með forsendum hafa verið teknir út og undirmarkmiðum er skipt í punkta en ekki samfelldan texta.

Formaður opnaði fyrir umræður:

Garðar Guðjónsson, Kópavogsdeild og í stjórn Rauða kross Íslands kvaddi sér hljóðs. Hann notaði tækifærið og þakkaði fyrir það traust sem honum var sýnt við kjör til stjórnar. Hann sagðist fagna stefnunni, hún rímaði vel við deildastarfið og framvindan stæði og félli með deildum. Starf félagsins sé svo að halda verkefninu áfram og skerpa á áherslum. Einnig hnykkti hann á nokkrum atriðum í stefnunni.

Garðar nefndi punkt í kafla 1.4 þar sem fjallað er um kynningu á innanlandsstarfi að deildirnar gegni þar lykilhlutverki og verði að taka sig á. Hann hvatti deildir til að skerpa á þessari vinnu. Vissulega þyrfti þó að koma til góð þjónusta af hálfu landsskrifstofunnar svo að vel mætti verða.

Mestu breytingar urðu í 3. kafla sem fjalla nú um félagslega einangrun og innflytjendur. Ákvörðun sem stjórnin tók í gær um að nýta 45 milljónir af rekstrarafgangi í þennan málaflök ætti að gera deildum kleift að framfylgja betur þessum lið stefnunnar. Það eru til peningar til að framfylgja þessu en deildir þurfa svo að nota hugmyndaflugið til að nýta peningana til góðra verka.

Garðar sagðist hafa ákveðið að bíða með umræðu um vinadeildasamstarf. Hans deild er á milli vinadeilda en hann ætti von á að hún myndi hefja nýtt samstarf í haust. Gagnkvæmni vinadeilda skiptir öllu máli og Garðar sagði að Kópavogsdeild hafi verið að leita að slíku samstarfi, t.d. með því að skiptast á fólki eða kynnast mismunandi siðum. Í slíkum verkefnum er oft erfitt að mæla eiginlegan árangur en samt er það skylda deildanna að gera það sem þær geta til að mæla árangurinn.

Garðar sagðist enn ætla að nýta tækifærið og í þetta skiptið til að lýsa yfir stolti af viðurkenningu fyrir að stuðla að aukningu ungs fólks í félaginu. Kópavogsdeild hefur átt því láni að fagna síðustu ár að ungu fólki hefur fjölgað mjög innan hennar. Starf í deildum á að vera öflugt og skemmtilegt og deildir hafa margar ákjósanlegar leiðir til þess að svo megi vera.

Þá vék Garðar að fjármálum deilda. Félagið býr að því að eiga traustan og öflugan tekjustofn. Rauði krossinn getur sýnt samfélaginu að hann noti fjármagnið til góðra verka. Kópavogsdeild fær aldrei nóg af peningum til góðra verka og er því farin að fjölga

sínum eigin fjáröflunarleiðum svo sem með fyrirtækjasamstarfi. Hann taldi að deildir ættu ýmsa möguleika á samstarfi við fyrirtæki sem væru tilbúin að gera samfélagið betra.

Garðar lauk máli sínu á þeim orðum að sér þætti stefnan góð, þetta væri stefna sem hægt væri að vinna eftir og þess myndu sjást merki á aðalfundi 2010 að félagið hefði unnið eftir henni.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir liðnum.

Fundarstjóri las upp tillögu stjórnar fyrir aðalfund og lagði hana fram til afgreiðslu:

Ályktun um stefnu Rauða kross Íslands.

Aðalfundur Rauða kross Íslands haldinn á Akureyri 19. maí 2007 samþykkir stefnu Rauða kross Íslands til 2010, hvetur eindregið til að félagið starfi í fullu samræmi við stefnuna og að hún verði sjálfbær og starfsmönnum aðgengileg og kunn, felur stjórn Rauða kross Íslands að semja leiðbeiningar um framkvæmd stefnunnar í samstarfi við deildir.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Kaffihlé

Málstofur, kynningar á verkefnum deilda.

Málstofurnar voru haldnar í Brekkuskóla. Eftirfarandi deildir voru með kynningar á verkefnum sínum:

- Héraðs- og Borgarfjarðardeild fjallaði um mömmumorgna í vegaHúsi.
- Deildir á Norðurlandi fjölluðu um vinadeildasamstarf.
- Akureyrardeild fjallaði um verkefnið Föt sem framlag.
- Árnesingadeild fjallaði um þrjónahóp deildarinnar.
- Klausturdeild og Kópavogsdeild fjölluðu um heimsóknvini.
- Kópavogsdeild var með erindi um hvernig maður laðar ungt fólk að.
- Deildir á Vestfjörðum fjölluðu um vinnufélagskyldur.
- Stöðvafjarðardeild fjallaði um vinnustarf með ungmönnum.
- Garðabæjardeild kynnti verkefnið Allar heimsins konur.
- Reykjavíkurdeild kynnti Hjálparsímann 1717.
- Akranesdeild kynnti þjónustusamning við Akraneskaupstað.
- Héraðs- og Borgarfjarðardeild kynnti opið hús fyrir erlendar konur.
- Hafnarfjarðardeild kynnti heimsóknir til hælisleitenda.
- Húsavíkurdeild kynnti Setrið, athvarf fyrir geðfatlaða.
- Reykjavíkurdeild fjallaði um unglingsstarf deildarinnar.

12. Önnur mál.

Jón Þorsteinn Sigurðsson Skagafjarðardeild kvaddi sér fyrstur hljóðs undir liðnum. Hann var nýkjörinn formaður Ungmennahreyfingar Rauða krossins en landsfundur hennar var haldinn degi fyrir aðalfundinn. Aðrir í hinni nýju stjórn URKÍ eru Arnar Benjamín

Kristjánsson, Auður Ásbjörnsdóttir, Guðjón Ebbi Guðjónsson, Hannes Arnórsson, Kristjana Þrastardóttir, Pálína Björk Matthíasdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson og María Ágústsdóttir.

Stjórn URKÍ hyggst vera í miklum samskiptum við deildir. Stjórnin ætlar að fara í vinnu við að skoða útgáfumál í samstarfi við landsskrifstofu. Þá er ætlunin að standa fyrir landsmóti í haust. Jón Þorsteinn lagði fram eftirfarandi tillögu að ályktun fyrir aðalfund, í nafni landsfundar URKÍ:

Tillaga að ályktun til aðalfundar

Aðalfundur Rauða kross Íslands, haldinn á Akureyri 19. maí 2007, ályktar að beina þeim tilmælum til stjórnar Rauða krossins að ungmennamál fái auknið vægi á landsvísu í samræmi við nýsamþykka stefnu félagsins og hafi um það samstarf við stjórn ungmennahreyfingarinnar.

Einar Guðbjartsson Kjósarsýsludeild ræddi tekjugrundvöll félagsins. Hann hvatti til þess að farið yrði varlega inn á fjármálamarkaðinn, enda geti peningar horfið þar jafnhvatt og þeir skapast. Einnig benti hann á hættuna á að „einokun“ í spilakassarekstri geti horfið í einu veffangi. Hann beindi þeirri tillögu til stjórnar að stofnaður verði vinnuhópur til að skoða tekjugrunn félagsins og benti á að grundvöllur til að drífa stefnuna áfram sé að vera með styrkan tekjugrundvöll.

Ómar H. Kristmundsson, formaður steig næstur í pontu. Hann hóf erindið á að óska Jóni Þorsteini til hamingju með embættið. Varðandi ályktun URKÍ þá sagðist hann geta talað fyrir hönd allrar stjórnarinnar að hún taki jákvætt í erindið og sagðist vilja fá fulltrúa stjórnar URKÍ á stjórnarfund.

Rúnar Helgason, Suðurnesjadeild óskaði Jóni Þorsteini til hamingju með embættið og taldi að það væri óþarfi að bera fram tillöguna því svipaður texti hefði verið samþykktur í stefnu félagsins fyrr á fundinum.

Fundarstjóri úrskurðaði að tillaga URKÍ væri tæk og yrði lögð fram til atkvæða.

Unnur Hjálmarsdóttir Reykjavíkurdeild sagðist hafa setið sem formaður Ungmennadeildar Reykjavíkurdeildar í fjögur ár og það sem hefði gert henni það kleift, jafnvel þegar mikið var að gera í skólanum, hefði verið starfsmaður Ungmennadeildarinnar sem hún hefði getað gengið að sem vísun. Unnur sagði að fyrir nokkrum árum hefði verið sérstakur ungmennafulltrúi á landsskrifstofunni og meginástæðan fyrir því hvað ungmennastarf á landsvísu hafi dalað síðustu ár sé að svo sé ekki lengur. URKÍ skorti beina tengingu við landsskrifstofu. Hún benti á að nú sé reyndar búið að ráða nýjan starfsmann sem eigi meðal annars að vinna með ungmennamál en þau séu nokkurs konar undirtitill í starfslýsingu hans. Yfirtitillinn sé innflytjendamál.

Garðar Guðjónsson óskaði Jóni Þorsteini til hamingju með nýja embættið og allri stjórninni. Hann sagðist ekki sjá neitt athugavert við að aðalfundur beindi tillögu af þessu tagi til stjórnar.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson Hafnarfjarðardeild tók undir með Garðari og sagði að Akureyri væri góður staður til góðra verka. Hann taldi að félagið ætti að stefna hærra. Þetta sé sterkt félag sem hafi náð miklum árangri hingað til. Rauði krossinn ætti að vera leiðandi sjálfbóðahreyfing hér á landi og búa yfir sterkum sjálfbóðaliðum.

Jóhannes lýsti því yfir að sér fyndist rétt að sameina Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg undir merkjum Rauða kross Íslands. Hugmyndin sé ekki fjarstæðukennd. Þarna sé um að ræða tækifæri sem ekki megi láta sér úr greipum ganga og Rauði krossinn yrði miklu öflugri en hann er í dag. Hugsjónir Slysavarnafélagsins Landsbjargar falli vel að hugsjónum Rauða krossins og í raun séu félögin að vinna að sömu markmiðum. Ef sameining tækist yrði til mjög sýnilegur Rauði kross á Íslandi. Hann yrði öflugur þrýstihópur og gæti staðið sterkur í að verja hagsmuni sína, s.s. tekjugrunn. Með sameiningu myndi Rauði krossinn ná til mun stærri hóps sjálfbóðaliða.

Hið sameinaða félag myndi tryggja breiðari grunn verkefna, því verkefnin falli vel saman í dag og félögin væru þegar að vinna vel saman. Bæði félögin starfi við sjúkraflutninga, neyðarvarnir og slysavarnir. Síðast en ekki síst væri hægt að nýta fjármunina mun betur. Í stað tveggja húsa í hverju bæjarfélagi yrði Rauði krossinn aðeins með eitt. Tekjugrunnurinn myndi breikka. Kostirnir væru augljósir. Rauði krossinn yrði margfaldlega sterkari fyrir vikið og framsýni og vilji væri allt sem þyrfti. Jóhannes skoraði á stjórn félagsins að íhuga þessa hugmynd.

Ómar Kristmundsson formaður sagðist styðja ályktunina frá Jóni Þorsteini. Varðandi hugmyndir Jóhannesar Rúnars um sameiningu Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagsins Landsbjargar þá væri þetta byltingarkennd hugmynd. Félagið þyrfti að vera óhrætt við að fara nýjar leiðir til að ná settum markmiðum. Ómar sagðist geta lofað Jóhannesi að hann myndi taka upp þessa umræðu í stjórninni. Ef til vill væri þetta rétti tímunkturinn til að viðra hugmyndir af þessu tagi.

Fundarstjóri lagði ályktunina frá Jóni Þorsteini fram til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði fundinum gott samstarf. Hann sagðist hafa notið þess að kynnast Rauða krossinum þegar hann var bæjarstjóri á Ísafirði. Þar hafi hann unnið með félaginu að almannavörnum og byggi enn að því. Félagið sé að vinna frábært starf og það væri mikið á sig lagt til að halda hreyfingu af þessu tagi gangandi.

Fundarslit

Ómar H. Kristmundsson formaður þakkaði fundarstjóra hlýjar kveðjur. Hann þakkaði svo Herði Högnasyni fyrir gott starf í þágu félagsins og sagðist vona að það fengi enn að njóta starfskrafta hans. Herði var færður þakklætisvottur fyrir stjórnarstörf.

Hörður notaði tækifærið til að þakka fyrir sig. Hann sagði að tíminn sem hann hefði starfað með Rauða krossinum væri orðinn langur, hefði oft verið erfiður en aðallega skemmtilegur og gefandi. Hann myndi sakna margra andlita þar til hann kæmi næst.

Aðalfundurinn í dag væri öðruvísi en flestir sagði Hörður, hann hefði einkennst af meiri bjartsýni fólksins á starfið í félaginu og Rauði krossinn væri að brjótast úr því fari að vera formfast samfélag fólks sem má sig hvergi hræra af hræðslu við grundvallarmarkmiðin. „Við vitum hvað þau standa fyrir“ sagði Hörður. Hugmynd Jóhannesar Rúnars væri mergjuð og félagið ætti að láta reyna á hana. Að lokum hvatti Hörður féлага til að halda merkinu hátt á lofti og halda áfram starfinu með bjartsýni og baráttuhug.

Ómar notaði tækifærið til að færa fulltrúum Rauða kross Gambíu þakklætisvott. Rauði kross Gambíu færði jafnframt Rauða krossi Íslands fallega gripi sem framkvæmdastjóri sýndi fundarmönnum.

Ómar þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og beindi í gamansömum tón þeirri ábendingu til Kristjáns Þórs (alþingismanns) að ef væntanlega ríkisstjórn vantaði efni í góðan málefnasamning þá ætti Rauði krossinn nóg af slíku. Hann þakkaði Akureyrardeild sérstaklega fyrir góðan undirbúning og Árna húsverði í Brekkuskóla sömuleiðis liðlegheitin. Ómar sagði að fundurinn hefði einkennst af bjartsýni og baráttuhug sem myndi hjálpa félaginu við að framkvæma hina nýsamþykktu stefnu. Hann sagði að stjórn, starfsmenn og sjálfboðaliðar yrðu að taka höndum saman við að framkvæma hana.

Aðalfundi Rauða kross Íslands var slitið klukkan 17.24. Kvöldverður og skemmtun á Hótel KEA.